

# Fundargerð

Fjórði fundur samstarfshóps vegna gerðar stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Látrabjarg

haldinn á Teams þann 10. maí, 2022 kl. 13:00-14:00

## Fundarmenn:

Aðalheiður Pálmadóttir, fulltrúi landeigenda  
Edda Kristín Eiríksdóttir, fulltrúi frá Umhverfisstofnun  
Geir Gestsson, fulltrúi Vesturbyggðar  
Jón Pétursson, fulltrúi landeigenda  
Pórdís Björt Sigþórsdóttir, fulltrúi frá Umhverfisstofnun

## Markmið fundar/dagskrá

1. Fara yfir athugasemdir samstarfshóps á áætlunina
2. Önnur mál
3. Næstu skref

## Önnur mál

Rætt var að setja í árlegar aðgerðir að senda upplýsingapóst til skemmtiferðaskipa og þyrlufyrirtækja um þær reglur sem gilda innan hins friðlýsa svæðis.

Farið var yfir athugasemdir.

- Landeigendur vildu koma á framfæri athugasemd um að eignarhald á Bæjarbjargi sé í skoðun en að þeirra mati eru opinberar skráningar um að ríkið eigið þann hluta Látrabjargs rangar. Staðan í dag er sú að unnið er að leiðréttingu og ef skráning á eignarhaldi breytist þá verður áætlunin tekin upp í samræmi við nýjar upplýsingar. Að öðru leyti þá fellur það ekki undir stjórnunar- og verndaráætlun að fjalla um deilur er varða eignarhald.
- Varðandi vísindalegar talningar, þá var samstarfshópur sammála um að það þarf að fjalla um hvernig þær eru gerðar og fá Náttúrufræðistofnun Íslands til að koma með umfjöllun um það. Samstarfshópur er sammála um að það væri gott að fá fulltrúa Náttúrufræðistofnunar Íslands til að koma á fund til umræðu. Eins til að fjalla um valista í tengslum við ákvæði friðlýsingaskilmála er snýr að eggjantjum og hvaða þýðingu þeir hafa.

## Önnur mál

- Rætt var að skoða möguleikann á því að gera betri gönguleið um bjargið til verndar náttúrunni á svæðinu, en svæðið á bjargbrún hefur látið á sjá vegna ágangs. Það var í raun aldrei hugmynd landeigenda að auðvela aðgengi, en staðan í dag er eflaust sú að fólk mun alltaf fara þessa leið svo

best er að gera hana þá þannig að það verði sem minnst rask. Það væri hugsanlega hægt að byrja á blettum sem eru sérstaklega illa farnig og hallinn ekki mikill þar sem landslagið bíður upp á það-plástra án þess að vera með stórframkvæmdir – í dag nær stígurinn aðeins upp fyrir Stefni — stór hluti gesta gengur hærra á bjargið í leita að lunda – upplýsa fólk um það hvar lundinn er og á hvaða tíma er hægt að sjá hann, fólk er oft ekki meðvitað hvenær lundinn er í bjarginu og kemur of snemma eða of seint.

- Vilji er fyrir því að stefna skuli að því að laga ummerki eftir gangandi umferð á þeim stöðum á bjargbrún sem eru verst farnir.
- Varðandi eggjatöku og heimild til að takmarka hana ef þörf krefur – fjallað verður sérstaklega um þessi mál í áætluninni. Ætti allt að byggja á vísindalegum rökum. Hvernig er ferlið í kringum slíka ákvörðun? Á hverju væri hún byggð? Fá svör við þessu frá Náttúrufræðistofnun Íslands og fjalla um það í áætluninni sbr. fyrri lið .
- Varðandi hefðbundnar nytjar þá er ekki vilji til að setja ramma utan um það á þessu stigi, heldur láta textann eins og hann er í dag tala fyrir sig. Einu nytjar landeigenda sem kallast geta hefðbundnar eru eggjanytjar því svo langt er síðan fugl var nytjaður að ekki sé með góðu móti hægt að kalla það hefðbundnar nytjar lengur.
- Fulltrúi landeigenda ræddi hrafna og sílamáf og hvort þeir ógni tegundaauðgi og hvernig megi bregðast við því. Það verður rætt sérstaklega við Náttúrufræðistofun Íslands.

### Næstu skref:

- 1) Þórdís hefur samband við tengilið hjá Náttúrufræðistofnun Íslands um að koma á fund.
- 2) Þórdís og Edda funda með Samgöngustofu varðandi sérreglu og þeirra sýn á það.
- 3) Stefnt er að því hafa fund með samstarfshópi aftur 1. júní og halda áfram að fara í gegnum áætlunina.